

3. gr.

Minningarsjóðurinn ávaxtast í a'aldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu af ávöxtun-
um árlega falla til útborgunar 50 kr., sem og helmingur þess, sem vextirnir eru umfram 50
kr., en hinn helmingur þess, sem vextirnir ár hvert eru umfram 50 kr. leggist jafnan við
höfuðstólinn.

4. gr.

Vexti þá sem árlega falla til útborgunar, skal stjórn sjóðsins taka og verja þeim,
eftir að hafa ráðfært sig við kennara skólans, til að styrkja fátæk börn, sem ganga í barna-
skóla Reykjavíkurbæjar, einkum til að fá sjer nauðsynlegan fatnað og þá einnig skófatnað.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega senda bæjarstjórn Reykjavíkur reikning hans til endurskoðunar.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari

Reykjavík, 4. dag jan. 1921.

Morten Hansen.

Reglugjörð

fyrir

lögsagnarumdæmi Akureyrar um lækningu hunda af inniflaormum.

1. gr.

Heilbrigðisfulltrúi heldur löggilta bók yfir lölu hunda og eigendur þeirra. Skal
bókin árlega leiðrjett, eftir skýrslum hundahreinsunarmanns er heilbrigðisnefnd ræður til
eins árs í senn.

2. gr.

Lækna skal alla hunda í lögsagnarumdæminu, sem eru 6 mánaða eða eldri. Fer
lækningin fram einu sinni á ári í nóvembermánuði. Hreinsunarmaður tilkynni hundaeigendum
með þriggja daga fyrirvara, hvenær lækning skuli fara fram í skýli því, sem bæjarstjórnin
útvegar og heldur við á kostnað bæjarsjóðs. Heimilt er þó hreinsunarmanni, að lækna hunda
á heimili eigenda þeirra, ef þeir óska þess, en heimtað getur hann sanngjarna aukabókun
fyrir það starf af hundaeigendum. Skylt skal eigendum hundanna, að láta flytja þá á læk-
ningastaðinn, og veita liðsinni til að koma þeim inn í lækningaskýlið og sækja þá aftur að
afstaðinni lækningu.

8

2. febr.

3. gr.

Hreinsa skal hunda með Orekadufti, eða einhverju öðru öruggu ormameðali, og skal lækningunni haga eftir því, sem dýralæknir segir fyrir.

4. gr.

Verði vart við bandorma í hundi milli lækninga, skal hann færður hreinsunarmanni, og er hann skyldur að lækna hann tafarlaust.

5. gr.

Banni forföll að lækna hund á ákveðnum tíma, skal það gert svo fljótt sem unt er.

6. gr.

Snemma í desember, ár hvert, skal hreinsunarmaður senda heilbrigðisfulltrúa skýrslu um lækninguna, er tilgreini hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir og hverra hundar hafi verið læknaðir, með hvaða lyfi og með hverjum árangri.

Nú er hundi skotið undan lækningu, og skal þá hreinsunarmaður tilkynna það lög-
reglustjóra þegar í stað, og er þá hundurinn rjett dræpur, nema eigandinn láti lækna hann innan viku frá því hann fær viðvörðun um það.

7. gr.

Hreinsunarmaður annast útvegum meðala og baðlyfja, sem borgist úr bæjarsjóði samkvæmt reikningi, sem heilbrigðisnefndin tekur gildann.

Fyrir hreinsun hvers hunds, fær hreinsunarmaður 2 — tvær — kr. úr bæjarsjóði.

8. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað, og varða brot gegn henni 5—50 krónu sekt, er renni í bæjarsjóð. Mál er rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð var þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar hinn 1. febr. 1921, og staðfestist hjermeð.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 2. febr. 1921.

Július Havsteen

settur.